

Fundarfrásögn Stjórnarfundur FÍF

Dags: 23.maí 2016 12:00-13:00

Staður: Bandalag Háskólamanna

Mætt: Hugrún, Ása, Friðrik, Ólafur Már, Friðrik, Kristmundur

1. Breytingar á félagsgjaldi FÍF.

Breyta þarf félagsgjaldi FÍF eins og rætt var á síðustu tveim aðalfundum félagsins. Ákveðið var að skoða hvort boða ætti til auka aðalfund í ljósi þess að óvissa var með samþykktir síðustu aðalfunda er varðar breytingu aðildargjalda en FÍF hyggist, í samfloti með öðrum aðildarfélögum BHM, gera þá breytingu að aðildargjöld að nái til heildarlauna í stað grunnlauna eins og aðildargjöld BHM. Skoða á einnig hvort möguleiki sé að lækka um leið aðildargjöldin frá 1% niður í 0.9%. Nánari útfærsla verður rædd í tölvupósti.

2. Samningaviðræður vegna almenna vinnumarkaðsins.

Búið er að skipa samninganefnd og fer formaður FÍN fyrir henni. Formaður og hagfræðingur BHM starfa einnig með nefndinni.

3. Staða á endurskoðun stofnanasamninga vegna menntunarákvæðis í kjaradómi.

Ágætur gangur í málinu. Mælt er fyrir því að ákvæði í gerðardómi fari óbreytt inn í stofnanasamninga. Greiðslur samkvæmt menntaákvæðum munu eiga sér stað frá 1.júní en séu tafir á máli er hægt að greiða það síðar og þá afturvirkkt.

4. Ferðin til Brussel og Köben, ferðalangar segja frá.

Hugrún og Ólafur fóru fyrir hönd FÍF. Farið var fyrir ferðina og þær kynningar sem ferðalangar fengu. Gott innlegg er varðar SALEK umræðuna. Í framhaldi af kynningu spunnust umræður um mikilvægi þess að skoða hvernig verkalýðsfélög gætu komið til móts við fólk sem væru sjálfstætt starfandi. Mikilvægt væri að finna leiðir til þess að búa svo um hnútana að sjálfstætt starfandi einstaklingar sjái sér hag í því að vera í félagi. Ákveðið var að taka þetta mál sérstaklega upp með þjónustuskrifstofunni og hinum félögunum.

5. Aðalfundur BHM - umræður

FÍF á fulltrúa í jafnréttisnefnd BHM: Hjálmar G. Sigmarsson.

6. Önnur mál.

1 júní nk. verður sameiginlegur fundur með þjónustuskrifstofunni.